

## Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um starfsemi sendiráða og ræðis-  
mannsskrifstofa.

1. Hver var fjöldi erlendra starfsmanna, ásamt fjölskyldum, í sendiráðum erlendra ríkja  
hér á landi 1. janúar 2009 og 1. janúar 2011, sundurliðað eftir sendiráðum?

### **Erlendir starfsmenn í sendiráðum erlendra ríkja.**

	Fjöldi erlendra starfsmanna	
	1. janúar 2009	1. janúar 2011
Bandaríkin	16	24
Bretland	3	5
Danmörk	4	4
Evrópusambandið	-	11
Finnland	3	2
Frakkland	8	8
Indland	12	10
Japan	4	3
Kanada	2	1
Kína	11	13
Noregur	5	4
Rússland	36	43
Svíþjóð	5	4
Þýskaland	7	8

2. Hvað unnu margir Íslendingar hjá sendiráðunum 1. janúar 2009 og 1. janúar 2011,  
sundurliðað eftir sendiráðum?

### **Íslendingar sem starfa hjá erlendu sendiráðunum.**

	Fjöldi íslenskra starfsmanna	
	1. janúar 2009	1. janúar 2011
Bandaríkin	38	36
Bretland	9	11
Danmörk	1	1
Evrópusambandið	-	5
Finnland	5	4
Frakkland	4	4
Indland	0	1
Japan	2	3
Kanada	4	4
Kína	0	0
Noregur	1	1
Rússland	0	0
Svíþjóð	2	1
Þýskaland	3	3

3. Hvaða sendiráð hér á landi eru í eigin húsnæði og hvaða sendiráð leigja húsnæði undir rekstur sinn? Hver er fermetrafjöldi húsnæðis sendiráðanna?

<b>Fermetrafjöldi húsnæðis sendiráðanna.</b>		
	<b>Húsnæði *</b>	
Bandaríkin	531 m <sup>2</sup>	Eign
Bretland	260 m <sup>2</sup>	Leigt
Danmörk	300 m <sup>2</sup>	Eign
Evrópusambandið **	568 m <sup>2</sup>	Leigt
Finnland	274 m <sup>2</sup>	Eign
Frakkland	399 m <sup>2</sup>	Eign
Indland	330 m <sup>2</sup>	Leigt
Japan	765 m <sup>2</sup>	Leigt
Kanada	426 m <sup>2</sup>	Leigt
Kína	700 m <sup>2</sup>	Eign
Noregur	601 m <sup>2</sup>	Eign
Rússland	671 m <sup>2</sup>	Eign
Svíþjóð	328 m <sup>2</sup>	Eign
Þýskaland	599 m <sup>2</sup>	Leigt

\* Skrifstofa sendiráðs („chancery“), samkvæmt upplýsingum sendiráðanna sjálfra.

\*\* Notar heitið „sendinefnd“, en hefur stöðu sendiráðs.

4. Telur ráðherra það samræmast ákvæðum um að skipta sér ekki af innanlandsmálum, sbr. 55. gr. Vínarsamningsins, þegar beinlínis er gert ráð fyrir að sendiráð Evrópusambandsins komi að kynningarmálum sambandsins hér á landi?

Sendiráð ESB fellur eins og önnur sendiráð undir Vínarsamninginn um stjórn mála-samband frá 18. apríl 1961. Spurning háttvirtis fyrirspyrjanda lýtur að því hvort starfsemi umrædds sendiráðs sé í samræmi við „55. gr. Vínarsamningsins“. Þá myrkvast málið. Hvorki löglærdum embættismönnum ráðuneytisins né ráðherra hefur tekist að finna umrædda 55. grein í Vínarsamningnum um stjórn mála samband. Fyrirspyrjandi hefur að líkindum farið samningavillt og er að vitna til 55. greinar í öðrum samningi, sem líka er kenndur við Vín. Sá er frá 24. apríl 1963 og er um ræðissamband. Sú grein er aftur efnislega samhljóða 41. grein Vínarsamningsins um stjórn mála samband sem fjallar um starfsemi sendiráða, þar með þess sendiráðs sem hæstvirts þingmaður spyr um. 41. grein samningsins frá 18. apríl ætti því að vera andlag spurningar hæstvirts fyrirspyrjanda. Fremur en vísa þessum hluta fyrirspurnarinnar til móðurhúsanna tekur ráðherra sér það bessaleyfi að byggja svar sitt á þeirri niðurstöðu.

Greinarnar kveða á um hvernig samræma skuli friðhelgisrétt sendiráða og ræðisskrifstofa því að þau starfi í samræmi við lög og reglur móttökuríkisins, sem og skilgreiningu samningsins sjálfs og þjóðarétt. Ráðuneytið fær hins vegar ekki séð að aðkoma sendiráðs ESB að kynningarmálum sambandsins hér á landi stangist á nokkurn hátt við efnisatriði þessara greina.

Þvert á móti er rétt að vísa háttvirtum fyrirspyrjanda á e-lið 1. mgr. 3. gr. Vínarsamningsins um stjórn mála samband. Umræddur töluliður kveður á um að það sé viðfangsefni sendiráða að „efla vinsamleg samskipti milli sendiríkisins og móttökuríkisins og auka efnahagsleg, menningarleg og vísindaleg samskipti þeirra“. Utanríkisráðherra telur að umrætt sendiráð sé augljóslega að fylgja þeirri mikilvægu reglu eftir. Segja má á kjarnyrtri íslensku

að sú starfsemi falli að e-lið 1. mgr. 31 gr. Vínarsamningsins eins og flís við rass. Svar ráðherra við fyrrgreindri spurningu háttvirts fyrirspyrjanda er því játandi.

Því má við bæta að löng hefð er fyrir starfsemi sendiráða af þessu tagi. Má af því tilefni nefna öflugt sendiráð eins og það sem Bandaríkin hafa árum saman rekið af miklum þrótti. Á þess vegum hefur um langt skeið verið rekin öflug upplýsinga- og kynningarstarfsemi sem miðar að því að koma málstað og menningu Bandaríkjanna á framfæri. Sendiráðið rekur meðal annars sérstakan kynningarfulltrúa í því skyni. Ráðherra telur þetta fyllilega samræmast tilvitnuðu lagaákvæði og vera auk þess hrósvert af hálfu viðkomandi ríkis. Skoði háttvirtur fyrirspyrjandi hvernig Íslendingar hafa sjálfir túlkað þetta ákvæði Vínarsamningsins virðist nákvæmlega sama uppi á teningnum með starfsemi íslenskra sendiráða. Íslenskir ráðherrar, sem meðal annars hafa komið úr flokki hæstvirts fyrirspyrjanda, hafa litið svo á að gildur þáttur í að uppfylla e-lið 1. mgr. 3. gr. umrædds samnings felist í að kynna málefni Íslands í gistiríkinu. Þannig hefur íslenskum sendiskrifstofum erlendis um langt árabíl verið falið að kynna íslensk málefni hvort sem er á sviði stjórn mála, viðskipta eða menningar í gistiríkjum sínum, sem og eftir atvikum í öðrum umdæmisríkjum. Á sama hátt hafa sendiráð erlendra ríkja á Íslandi skyldum að gegna við að kynna sín málefni. Hefur slík kynningarstarfsemi ekki talist vera afskipti af innanlandsmálum heldur þvert á móti eðlilegur og – að mati ráðherra – æskilegur hluti af starfsemi sendiráða. Utanríkisráðuneytið hefur ekki ástæðu til að ætla að öðru muni gegna um fyrirhugað kynningastarf sendiráðs Evrópusambandsins á Íslandi og óskar sendiráðinu velfarnaðar á því sviði.

Í hröðum erli dags getur það hent bestu menn og konur að villast á samningum og ráðuneytið telur síður en svo eftir sér að beita skapandi túlkun til að greiða úr flækjum sem af því kunna að spinnast. Ráðuneytið hvetur þó til þess í fullri vinsemd að undirbúningur fyrirspurna sé vandaður til að greiða fyrir skjótum og skýrum svörum. Það er jafnan reiðubúið til að veita tæknilega ráðgjöf ef það mætti skýra fyrirspurnir og að sama marki gera svör ráðuneytisins greinarbetri.

5. *Hvað hefur Ísland stjórnmalasamband við mörg ríki og hvað eru margir sendiherrar tilnefndir og gagnvart hve mörgum löndum?*

Ísland hefur stofnað til stjórnmalasambands við 186 ríki auk einnar alþjóðastofnunar, Evrópusambandsins. Samkvæmt forsetaúrskurði frá 20. janúar 2010 fara sendiskrifstofur Íslands erlendis með fyrirvar gagnvart 186 ríkjum og eru sendiherrar í viðkomandi sendiskrifstofum tilnefndir sendiherrar gagnvart viðkomandi gistiríki og umdæmisríkjum. Utanríkisráðuneytið fer með fyrirvar gagnvart 63 ríkjum en í þeim tilvikum er fyrirvarið ekki á hendi sendiherra.

6. *Í hvaða löndum rekur íslenska ríkið:*

a. *sendiráð,*

b. *ræðismannsskrifstofur?*

Íslenska ríkið rekur sendiráð í 15 löndum; Þýskalandi, Belgíu, Finnlandi, Danmörku, Bretlandi, Rússlandi, Noregi, Frakklandi, Svíþjóð, Austurríki, Kanada, Bandaríkjunum, Indlandi, Kína og Japan. Umdæmisskrifstofur Þróunarsamvinnustofnunar Íslands gegna einnig hlutverki sendiráðs, sbr. 1. tölulið a í forsetaúrskurði nr. 6/2010, um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur. Þær eru nú í þremur löndum: í Malaví, Mósambík og Úganda. Rekstri umdæmisskrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar í Namibíu var hætt í lok árs 2010, en hún gegndi einnig hlutverki sendiráðs samkvæmt forsetaúrskurði. Einnig er rétt að geta fastanefnda Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu í Brussel, hjá alþjóða-

stofnunum í Genf og hjá Sameinuðu þjóðunum í New York. Tvær síðar töldu fastanefndirnar fara jafnframt með sendiráðsstörf gagnvart nokkrum ríkjum.

Þá rekur íslenska ríkið aðalræðisskrifstofur í Kanada, Færeyjum og Bandaríkjunum. Jafnframt eru 248 kjörræðismenn Íslands erlendis, en þeir reka skrifstofur sínar fyrir eigin reikning.

*7. Hvað starfa margir Íslendingar á erlendri grund í sendiráðum og ræðismannsskrifstofum Íslands?*

Flutningsskyldir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem eru nú við störf í sendiskrifstofum Íslands erlendis, eru 52. Staðarráðnir starfsmenn í sendiskrifstofum erlendis, sem eru íslenskir ríkisborgarar, eru 29.

*8. Hvað starfa margir erlendir aðilar á erlendri grund í sendiráðum og ræðismannsskrifstofum Íslands?*

Staðarráðnir starfsmenn í sendiskrifstofum erlendis, sem eru ríkisborgarar annars ríkis, eru 41.